



Ágætu foreldrar/forráðamenn

**Priðjudaginn 1. mars** er nemendum í Glerárskóla boðið í Hlíðarfjall.

Sumir fara á bretti, aðrir á svigskiði, enn aðrir á gönguskiði og svo mega nemendur taka með sér snjóþotur og sleða. Gönguferð verður í boði fyrir þá sem það kjósa.

Þeir sem ekki eiga búnað geta fengið hann lánaðan í Hlíðarfjalli. Ekki verður hægt að lána búnað til nemenda í 1.-4. bekk.

Þar sem töluverð ásókn hefur verið í að fá lánaðan búnað hvetjum við þá nemendur sem eiga skíði eða bretti að koma með sinn búnað.

Þær lyftur sem verða opnar eru: Töfrateppið, Hólabraut, Skálabraut og Hjallabraut. Aðrar lyftur fylgja hefðbundnum opnunartíma Hlíðarfjalls.

Lyftukortin gilda allan daginn og því geta nemendur nýtt sér það en það þarf að skila inn skíðabúnaðinum þegar skipulagðri dagskrá líkur. Þ.e. þegar rútur á vegum skólans fara heim. Ef nemendur ætla að verða eftir í Hlíðarfjalli verður að koma með samþykki frá foreldrum. *Að lokinni skipulegri dagskrá eru nemendur á eigin vegum í Hlíðarfjalli.*


**Hádegismatur verður snæddur í skólanum.**

Vakin er athygli á því að veður og færi geta breyst á skömmum tíma og verða allir að taka mið af því.

Mætingar:

1. – 4. bekkur: Mæting í skóla kl. 08:15. Rúta í Hlíðarfjall kl. 08:50 og til baka kl.12:15 og skólalok kl.13:15
5. – 7. bekkur: Mæting í skóla kl. 08:15. Rúta fer í Hlíðarfjall kl. 08:40 og til baka kl.12:30 og skólalok kl. 13:15
8. - 10. bekkur: Mæting í skóla kl. 08:30. Rúta fer í Hlíðarfjall kl. 09:00 og til baka kl.13:00.

Nemendur þurfa að koma klæddir skv. veðri. Hlífðarbuxur, húfa, vettlingar (auka í tösku) og **hjálmur** mega ekki gleymast heima. **Muna eftir nesti.**

----- 

Ég undirrituð/aður staðfesti að

Nafn nemanda \_\_\_\_\_ Bekkur \_\_\_\_\_

má vera lengur í Hlíðarfjalli. Ég geri mér grein fyrir að barnið er á mína ábyrgð eftir að skipulagðri dagskrá Glerárskóla lýkur í fjallinu. ( **Á ekki við um 1.-4.bekk**)

Nafn foreldris/forráðamanns: \_\_\_\_\_